

Tillaga til þingsályktunar

um innrásina í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda við hana.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að Íslendingar afturkalli stuðning sinn við innrásina í Írak og séu ekki lengur í hópi svonefndra „viljugra“ þjóða. Alþingi tekur undir og virðir það álit framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að innrásin hafi verið ólögmæt.

Alþingi samþykkir að skipa nefnd sjö þingmanna í því skyni að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Nefndin fái í hendur öll gögn stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir, sem varpað geti ljósi á þetta ferli. Hún hafi einnig heimild til þess að kalla hvern þann til fundar við sig sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.

Þingmannanefndin njóti aðstoðar nefndasviðs Alþingis, en henni verði einnig heimilt að leita eftir óháðri sérfræðiaðstoð. Nefndarsetan verði ólaunuð, en útlagður kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Nefndarstarfinu ljúki með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. maí 2005.

Greinargerð.

Sama dag og herlið Bandaríkjanna, Stóra-Bretlands og fleiri ríkja hóf innrásina í Írak, 20. mars 2003, bárust fréttir af því að blaðafulltrúi Bandaríkjaforseta, Ari Fleischer, hefði lýst því yfir á blaðamannafundi í Washington að lýðveldið Ísland væri á lista yfir þau ríki sem hefðu lýst sérstökum stuðningi við þessa innrás.

Næstu daga kom í ljós að forsætisráðherra og utanríkisráðherra höfðu með einhverjum hætti gefið leyfi sitt til að Ísland yrði talið með á þessum lista, sem kenndur var við „viljugar“ eða „staðfastar“ þjóðir. Óljóst var í fyrstu hvort ríkin á listanum teldust þátttakendur í innrásinni. Aðspurðir sögðu íslensku ráðherrarnir svo ekki vera. Hins vegar var frá upphafi skýrt að ríkin tækju siðferðilega og pólitíska ábyrgð á Íraksstyrjöldinni og afleiðingum hennar.

Ráðherrarnir báru ákvörðun sína um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis. Sérstaklega er þó kveðið á um það í 24. gr. þingskapa að það skuli gert í slíkum tilvikum: „Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Enn hefur ekki komið fram hvers vegna ráðherrarnir ákváðu að fara á svig við þetta skýra ákvæði í þingskapalögum.

Þá hefur ekki komið fram hvort lagt var sjálfstætt mat á rökstuðning innrásarríkjanna fyrir hernaðaraðgerðum sínum í aðdraganda stuðningsyfirlýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Í ljós hefur komið að aðalforsendur bandarískra og breskra yfirvalda fyrir innrásinni stóðust ekki, og hafa forustumenn þessara ríkja viðurkennt þetta. Í báðum ríkjum hafa

Þessar forsendur verið rannsakaðar sérstaklega af opinberri hálfu. Nefnd Butlers lávarðar rannsakaði aðdraganda ákvörðunar bresku ríkisstjórnarinnar um árásina á Írak og á Bandaríkjaþingi var skipuð sérstök rannsóknarnefnd öldungadeildarþingmanna. Báðar skiluðu skýrslum í sumar og komust um margt að svipuðum niðurstöðum. Svo virðist sem gögn leyniþjónustu ríkjanna tveggja beggja vegna Atlantshafsins hafi verið úrelt og ónákvæm, og auk þess ekki verið næg þekking fyrir hendi innan stofnananna til þess að lesa og greina upplýsingarnar rétt. Í stuttu máli sagt reyndust CIA og MI6 ekki vandanum vaxin, en stjórnvöld í ríkjunum sáust ekki fyrir og létu vilja sinn ráða umfram staðreyndir og rök.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, hefur nú (viðtal við BBC 16. september 2004) lýst því yfir að innrásin í Írak hafi verið ólögumæt að alþjóðalögum þar sem einhliða ákvörðun ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands standist ekki stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessi yfirlýsing beinir kastljósinu enn eindregnar að stuðningsákvörðun íslensku ráðherranna.

Viðurkennt er af hálfu núverandi forsætisráðherra, sem gegndi störfum utanríkisráðherra í mars 2003, að mjög hafi skort á réttmæti upplýsinga sem hann fékk áður en afstaða ráðherranna var tilkynnt í Washington. Um þetta sagði Halldór Ásgrímsson í sjónvarpsviðtali 17. september sl.: „En það er ljóst að það er margt í þessu máli sem menn hefðu viljað sjá öðruvísi og ýmsar upplýsingar sem bæði ég og aðrir fengu á sínum tíma sem stóðust ekki.“ Ráðherrann bætti síðan við að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum vegna rangra upplýsinga í þessu efni.

Þessi ummæli sýna að nauðsynlegt er að brjóta til mergjar ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað í marsmánuði 2003 að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak. Flutningsmenn telja engan vafa leika á því að sú ákvörðun hafi verið vanhugsuð og röng.

Meginforsendur innrásarinnar voru þær að Íraksstjórn byggji yfir gereyðingarvopnum sem heimsbyggðinni stæði hættu af. Nú er viðurkennt, m.a. í Washington og Lundúnum, að Íraks-her átti engin slík vopn. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, undir forustu Hans Blix, sögðust í skýrslu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna stuttu fyrir innrásina ekki hafa neinar haldbærar sannanir um tilvist gereyðingarvopna í Írak og báðu þess að fá meiri tíma til þess að rannsaka málið. Á þá var hins vegar ekki hlustað.

Önnur rök, einkum haldið fram af hálfu Bandaríkjastjórnar, voru þau að stjórnin í Bagdad væri í nánnum tengslum við þann hryðjuverkahóp íslamista sem m.a. stóð fyrir ódæðinu í New York og víðar 11. september 2001, al Kaída. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á nein slík tengsl. Hins vegar er ljóst að þessi samtök, eða margvíslegir hópar sem þeim tengjast, líta eftir innrásina á Írak sem kjörlendi fyrir verk sín og sem einkar heppilega uppeldis- og liðsöfnunarstöð í Miðausturlöndum. Bandaríkjastjórn lýsti því einnig yfir að aðgerðum hennar í Írak væri ætlað að auka veg lýðræðis og frelsis í arabaríkjunum og öðrum ríkjum múslima. Árangurinn hefur enginn orðið. Þvert á móti hefur Íraksstyrjöldin fært ríki araba og múslima heldur fjær vestrænum lýðræðisgildum en áður var, og mjög torveldað gagnkvæman skilning milli þeirra menningarheima sem um ræðir. Þar sem innrásin hefur leitt til þess að öfgaöflunum hefur vaxið fiskur um hrygg meðal múslima, áhrif lýðræðissinna dvínað og dregið úr stöðugleika í stjórnarfari í ríkjum þeirra hafa styrjöld og hernám í Írak í reynd afvegaleitt alþjóðlega baráttu gegn hryðjuverkum og um leið dregið úr öryggi og stöðugleika um allan heim.

Ekki má gleyma þeirri staðreynd að stríðið í Írak hefur kostað miklar mannfórnir og ómældar þjáningar. Tugir þúsunda óbreyttra borgara í Írak eru fallnir í valinn, þar á meðal verulegur fjöldi kvenna og barna, þúsundir hermanna í fyrrum her Íraks eru taldir hafa fallið á fyrstu vikum stríðsins, Bandaríkjamenn hafa misst yfir þúsund hermenn, Bretar nokkra tugi

og bæði hermenn og óbreyttir borgarar af fleiri þjóðernum hafa fallið. Í Írak er nú upp-
lausnarástand og þar ríkir hrein óöld eins og daglegar fréttir af bardögum, sprengjuárásum,
hryðjuverkum og gíslatökum bera með sér.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að ákvörðun
um stuðning við Íraksstríðið innan ríkisstjórnarinnar. Sú nefnd sem hér er lagt til að taki að
sér það verk á meðal annars að athuga:

- a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum
beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins;
- b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan;
- c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og
hverjir önnuðust það mat;
- d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar;
- e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24.
gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert;
- f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóð-
anna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja
ályktun öryggisráðsins;
- g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru
send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti;
- h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni
með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskipta-
leiðum stjórnvalda og almennings.

Mikilvægt er að mál þetta verði útkljáð sem fyrst svo að Alþingi geti rætt niðurstöður
rannsóknarinnar og ákveðið næstu skref, sem m.a. kynnu að felast í að kalla þá til ábyrgðar
sem teldust hafa vanrækt skyldur sínar í embætti. Því telja flutningsmenn hæfilegt að nefndin
ljúki störfum eigi síðar en í byrjun maí 2005.